

**GLEÐILEGT SUMAR**

Ég ætla að deila með ykkur nokkrum uppskriftum sem ég nota oft. Graflaxuppskriftina er ég búin að nota í rúmlega 30 ár en hún kom upphaflega frá Hótel Holti. Ístertan hefur verið vinsæl í fermingum hjá barnabörnunum og hef ég þá sett örlítinn matarlit í ískremið, bleikt, blátt, gult, allt eftir smekk hvers barns. Kemur skemmtilega út. Ég skora á Ingu Þöll Þórgnýsdóttur bæjarlögmann að koma með uppskrift í næsta blað.



Margrét Eyfells, starfsmaður í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar.

**GRAFLAX**

8 punda lax flakaður þveginn og þurrkaður  
1bólli krydd á hvort flak.  
Laxinn látinn liggja í kæli í ál-pappír 14 – 15 klst. og honum snúið einu sinni.  
Krydd.  
4 msk. salt  
1 laukur (saxaður)  
½ msk. pipar  
1 msk. þriðja kryddið  
1 msk. Fennikel (fennel)  
2 búnt dill eða 3 msk. duft  
1 tsk. saltþétur

**Ískrem**

3 eggjarauður  
100 gr. sykur  
3 matarlímsblöð  
1 dl. sterkt heitt kaffi  
½ l. þeyttur rjómi  
200 gr. Toblerone, smátt saxað

Látið matarlímsblöðin liggja í köldu vatni í 5 mín.  
Þeytið rauður og sykur.  
Kreistið matarlímið og setjið út í heitt kaffið.  
Hellið kaffiblöndunni út í eggjæræruna.  
Blandið þeytta rjómanum varlega saman við og loks súkkulaðinu.  
Setjið annan marenbotninn í lausbotna tertumót, hellið helmingnum af ísblöndunni yfir og setjið síðan hinn botninn ofan á og svo restina af blöndunni.  
Sett í frysti.  
Skreytt með jarðarberjum, bláberjum og súkkulaðispænum eða eftir smekk.

**Sósa**

250 gr. majones  
1 msk. sinnep (franskt)  
1 msk. hunang  
1 tsk. dill  
salt, pipar, matarlitur

**Ísterta**

4 eggjahvítur og 200 gr sykur.  
Stíflþeytið saman og bakið tvo botna í 30 mín. á 150°C og 30 mín. á 100°C

Verði ykkur að góðu!

**Hér koma gagnlegar upplýsingar um sumarorlofið:**

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.
- Sumarorlofstími er frá 15. maí til 30. september ár hvert.
- Yfirmaður ákveður hvenær orlof skuli tekið í samráði við starfsmann en skyll er að verða við óskum starfsmanns ef því verður við komið.
- Ef ekki er tekið orlof á sumarorlofstíma að ósk yfirmanns þá á starfsmaður rétt á 33% lengingu á þeim hluta sem veittur er utan sumarorlofstímabils.
- Landsbankinn greiðir út orlof vegna yfirvinnu þann 12. maí og leggur inn á launareikninga. Hafi launareikningur breyst síðasta árið er launþegum bent á að koma þeim upplýsingum til Landsbankans svo orlofsgreiðslur skili sér á réttan reikning.
- Á starfsmannavefnum <http://eg.akureyri.is> getur starfsfólk fundið yfirlit yfir stöðu orlofs eins og það er skráð í SAP mannauðskerfið. Staða orlofs á vefnum er samkvæmt skráningu á síðasta launaseðli.

**NÁMSKEIÐ UM VELLÍÐAN Á VINNUSTAÐ**



Í vetur hefur vinnustöðum Akureyrarbæjar staðið til boða námskeið þar sem fjallað er um líðan starfsfólks á vinnustað.

Markmið námskeiðanna er að fjalla um og ræða vellíðan á vinnustað, samskipti, virðingu og umburðarlyndi.

Leiðbeinendur á námskeiðunum eru nokkrir starfsmenn Akureyrarbæjar sem fengið hafa þjálfun í aðferðum sem virkja þátttakendur til að ræða mál, forgangsraða og taka afstöðu.

Hér eru dæmi um spurningar sem bornar eru upp og ræddar á námskeiðunum:

- Hvað einkennir góða endurgjöf (hrós/gagnrýni) og af hverju hún er mikilvæg?
- Hvað gerir vinnustað eftirsóknarverðan?
- Hvað einkennir góðan samstarfsmann?
- Hverjar eru birtingarmyndir og afleiðingar eineltis á vinnustað?

Frá því í ágúst 2013 hafa verið haldin vel yfir 40 námskeið á vinnustöðum bæjarins við góðar undirtektir.

Útgefandi: Akureyrarbær  
Ritstjóri: Þorsteinn G. Jónsson  
Ritnefnd: Alma Rún Ólafsdóttir, Bergljót Jónasdóttir, Hjörleifur Hjálmarsson og Þorsteinn G. Jónsson  
Netfang: [kronikan@akureyri.is](mailto:kronikan@akureyri.is)  
Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent



Myndir: Þórður Halldórsson

## NÝ SKAMMTÍMAÞJÓNUSTA

1. mars sl. opnaði ný skammtímaþjónusta í Þórunnarstræti 99 (Gamla húsmæðraskólanum) Þar sameinuðust skammtímavistun sem áður var í Skólástíg 5 og skólavistun fatlaðra barna sem var í Árholti við Glerárskóla. Er þetta mikil breyting til batnaðar. Skammtímavistun var áður á þremur hæðum og frekar þröngt um hana auk þess sem ljóst var að bæði húsin myndu þarfnast lagfæringa.

Skammtímavistun fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra eiga kost á því að börn þeirra njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Undanfarin ár hefur notendum heldur fækkað en þeir eru meira fatlaðir og þurfa þar af leiðandi mikla þjónustu.



Gamli húsmæðraskólinn

Skólavistun er fyrir börn á aldrinum 10-16 ára sem eru með skilgreinda fötlun og geta ekki nýtt sér önnur úrræði. Með nýju húsnæði stækkar þessi hópur þar sem þjónustan er í boði til 20 ára aldurs eða á meðan á framhaldsskóla stendur. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir þennan sama markhóp en þá er aldursbilið 6–20 ára. Opnunartími er kl. 8–16 á sumrin en 13–17 yfir vetrartímann. Starfsemin er með svipuðu sniði og í öðrum skólavistunum, þ.e. nemendur sinna heimanámi, í boði eru ýmis tómsundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar metur umsóknir og forgangsraðar umsækjendum eftir þjónustuþörf.

Áhersla er lögð á fjölbreytni og að það sé skemmtilegt að vera í skammtímavistun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvall og nýta styrkleika þeirra. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er fyrir hendi í gegnum leik. Áhersla er lögð á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn gestanna.

Bæði gestir og starfsfólk er alsælt með nýja húsið, aðstaða er öll til fyrirmyndar og öllum líður afskaplega vel hér.

## ÁRSHÁTÍÐ AKUREYRARBÆJAR

Það var þétt setið á árhátíð starfsfólks Akureyrarbæjar þann 22. mars síðastliðinn en rétt tæplega 1400 manns komu saman í Íþróttahöllinni á Akureyri og borðuðu og skemmtu sér saman. Það voru þeir félagar Eiríkur G. Stephensen og Hjörleifur Hjartarson í hljómsveitinni Hundur í óskilum, sem stýrðu veislunni, og eftir borðhald og skemmtiatriði tók hljómsveit Matta Matt við og lék fyrir dansi í salnum. Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar lék fyrir dansi á efri hæð Íþróttahallarinnar. Það var tjúttað og trallað fram til klukkan 3 á sunnudagsmorgun og þótti fólk sýna afbragðsgóða danshæfileika og vera mjög sveigjanlegt í mannrönginni.

Nokkrir heppnir samstarfsfélagar voru dregnir út í happadrætti og eiga átta stofnanir/deildir Akureyrarbæjar von á girnilegum glaðningi innan tíðar frá Kexsmíðjunni, Mjólkursamsölnunni, Kjörís, bakaríum bæjarins og fleirum.

Árshátíð starfsfólks Akureyrarbæjar er haldin á tveggja ára fresti og er því næsta árshátíð fyrirhuguð árið 2016. Það er því ekki seinna vænna en að fara að huga að undirbúningi og óskum við framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar, sem tók við keflinu, velfarnaðar við skipulagið!



Gleðin var ríkjandi hjá starfsfólkinu í Rósenborg sem hér sést þrúðbúið. <http://akureyri.audunn.com>

**Takk fyrir frábæra skemmtun, góða samstarfsfólk!  
Árshátíðarnefndin 2012-2014**

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?

Ég heiti Þorsteinn Pálmason Axfjörð og er oftast kallaður Steini. Ég er fæddur árið 1975 á Sjúkrahúsinu á Húsavík. Ég er alinn upp á Húsavíkinni en hef búið á Akureyri síðan árið 2008. Ég vinn hjá Öldrunarheimilum Akureyrar og hef gert það síðan í ágúst sl. en vann áður hjá búsetudeildi.



Þorsteinn Pálmason Axfjörð

### Í hverju er starfið fólgandi?

Starfið mitt er fólgandi í almennri umönnun heimilisfólks á Beyki- og Asparhlið.

### Hvað er skemmtilegast við starfið?

Það er mjög fjölbreytt og gefandi. Engir tveir dagar eru eins.

### Fjölskylduhagir?

Kvæntur Elísu Rún Heimisdóttur og á tvö börn með henni, Signýju Maríu Axfjörð og Kristófer Daða Axfjörð.

### Leyndir hæfileikar?

Þeir væru nú ekki leyndir ef ég opinberaði þá hér :-)

### Uppáhaldskvikmynd?

Það fer eftir stemmingu hverju sinni en allt sem breski leikhópurinn Monty Python hefur tekið sér fyrir hendur er í sérstöku uppáhaldi hjá mér.

### Uppáhaldsmatur?

Flestur matur er góður en hið íslenska fjallalamb svíkur ekki.

### Áhugamál?

Ljósmyndun, tónlist, myndlist, útivist, ferðalög og margt fleira.

### Hallærislegasta atvik sem þú hefur upplifað?

Ég er með ónafngleggi mönnum en ég man vel andlit. Þetta hefur oft komið mér í frekar vandræðalega stöðu.

### Áttu þér draum?

Að öll dýrin í skóginum læri að leika sér fallega saman.

### Að vinna á ÖA er...?

Fjölbreytt, gefandi og skemmtilegt.